

Leiðbeiningar

fyrir sveitarfélög varðandi framkvæmd frístundaþjónustu fyrir fötluð börn og ungmenni samkvæmt lögum nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.

Samkvæmt 16. gr. laga nr. 38/2018 skulu sveitarfélög bjóða fötluðum börnum og ungmennum upp á frístundaþjónustu eftir að reglubundnum skóladegi þeirra lýkur, og eftir atvikum áður en dagleg kennsla hefst, svo og á þeim dögum, öðrum en lögbundnum frídögum, þegar skólar starfa ekki. Þessi þjónusta tekur við af almennri frístundaþjónustu grunnskóla¹ sbr. 33. gr. grunnskólalaga nr. 91/2018, og henni lýkur þegar viðkomandi lýkur framhaldsskóla.

Þá kemur fram í 16. gr. laga nr. 38/2018 að ráðherra skuli gefa út leiðbeiningar um framkvæmd þjónustu í samræmi við ákvæði greinarinnar. Sveitarstjórn skal setja nánari reglur um frístundaþjónustu á grundvelli leiðbeininga ráðherra. Við setningu og framkvæmd reglna sinna skulu sveitarfélög hafa samráð við notendur og hagsmunasamtök þeirra skv. 8. og 42. gr. laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga. Jafnframt skulu sveitarfélög taka mið af þeim alþjóðlegu skuldbindingum sem íslensk stjórnvöld hafa gengist undir, einkum samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks og samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins.

Á grundvelli framangreinds gefur félagsmálaráðuneytið út eftirfarandi leiðbeiningar:

1. gr.

Markmið.

Markmiðið er að fötluð börn og ungmenni á grunn- og framhaldsskólaaldri eigi kost á frístundaþjónustu yfir daginn meðan skóli er starfandi, í skólafríum og á próftímum þegar hefðbundnir skóladagar eru stuttir. Frístundaþjónusta fyrir fötluð börn og ungmenni skal vera samþætt almennri frístundaþjónustu fyrir börn og ungmenni á sama aldri, þegar því verður við komið. Tryggja skal samfellda þjónustu yfir daginn og vinna gegn félagslegri einangrun fatlaðra barna og ungmenna. Bjóða skal upp á innihaldsríkt frístunda- og tómsundastarf í öruggu og skapandi umhverfi þar sem starfshættir einkennast af frjálsum leik og vali með það að markmiði að efla félagsfærni og sjálfstæði.

2. gr.

Réttur til þjónustu.

Sveitarfélagi er skylt skv. 16. gr. laga nr. 38/2018 að bjóða fötluðum börnum og ungmennum upp á frístundaþjónustu eftir að reglubundnum skóladegi þeirra lýkur, og eftir atvikum áður en dagleg kennsla hefst svo og á þeim dögum, öðrum en lögbundnum frídögum, þegar skólar starfa ekki. Þessi þjónusta tekur við af almennri frístundaþjónustu grunnskóla og henni lýkur þegar viðkomandi lýkur framhaldsskóla.

Þjónustan skal vera einstaklingsmiðuð og á því formi sem best hentar viðkomandi. Veita skal þjónustu vegna fötlunar samhliða almennum frístundatilboðum, eins og mögulegt er. Þessi þjónusta skal taka mið af metnum stuðningsþörfum skv. 31. gr. laga nr. 38/2018 og vera hluti af einstaklingsbundinni þjónustuáætlun viðkomandi barns eða ungmennis skv. 12. gr. laga nr. 38/2018.

¹ Markmið og viðmið fyrir starf frístundaheimila fyrir börn í yngri árgöngum grunnskóla

file:///C:/Users/r08bisi/Downloads/B_nr_291_2018.pdf

3. gr.

Skipulag þjónustu.

Sveitarfélög fara með faglegt forræði frístundaþjónustu fyrir fötluð börn og ungmenni, ákveða skipulag starfseminnar og rekstrarform með samþættingu skóla- og frístundastarfs og þarfir notenda að leiðarljósi. Við skipulagningu starfsins þarf að huga að:

- **Aðgengi:** s.s. að húsnæði og öllum svæðum innan húsnæðisins, upplýsingum, nauðsynlegum hjálpartækjum, aðlögun og stuðningi til þátttöku.
- **Öryggi:** barna og ungmenna þarf að vera tryggt, m.a. með skilvirkri upplýsingamiðlun um þarfir notenda.
- **Áhugamálum:** að hvert barn eða ungmenni fái fjölbreytt tækifæri þess að uppgötva og þróa sín áhugamál og framfylgja þeim.
- **Samveru:** að leiðbeinendur í frístundastarfi hafi þekkingu og getu til að aðstoða notendur við að mynda tengsl sín á milli og yfirstíga mögulegar tjáskiptahindranir.
- **Sveigjanleika og aðlögun:** til þess að mæta börnum og ungmennum á þeirra eigin forsendum og finna leiðir og lausnir til þess að aðlaga starfið að þörfum hvers og eins.
- **Starfsfólki:** lögð sé áhersla á fagmennsku, öryggi og virðingu þar sem jákvæð samskipti og lýðræðislegir starfshættir eru í hávegum hafðir.

4. gr.

Þjónustuteymi.

Skv. 12. gr. laga nr. 38/2018 skulu þjónustuaðilar fatlaðs einstaklings sem hefur þörf fyrir viðvarandi fjölþættan stuðning þjónustukerfa félags-, heilbrigðis- og menntamála mynda þverfaglegt þjónustuteymi undir forystu félagsþjónustunnar sem hefur það hlutverk að útfæra þjónustu við viðkomandi, hafa samráð um þjónustuna, m.a. við þann aðila sem sér um frístundaþjónustuna og tryggja samfellu og gæði hennar.

5. gr.

Mat á þjónustuþörf.

Frístundaþjónusta fyrir fötluð börn og ungmenni skal byggjast á metnum stuðningsþörfum fatlaðra barna og ungmenna og skal þjónustan vera hluti af einstaklingsbundinni þjónustuáætlun viðkomandi barns eða ungmennis. Mat á stuðningsþörf skal vera unnið í samvinnu við ungmenni eða barn og forsjáraðila enda sé slíkt mat skilgreint sem hluti af skilvirku notendasamráði.

Unnið skal að því að fötluð börn og ungmenni í frístundaþjónustu fái heildstæða og samþætta þjónustu eða aðstoð.

6. gr.

Þjónustutími.

Frístundaþjónusta fyrir fötluð börn og ungmenni tekur við tekur við af almennri frístundaþjónustu grunnskóla og henni lýkur þegar viðkomandi lýkur framhaldsskóla. Þjónustan skal veitt eftir að reglubundnum skóladegi lýkur, og eftir atvikum áður en dagleg kennsla hefst svo og á þeim dögum, öðrum en lögbundnum frídögum, þegar skólar starfa ekki. Lögbundnir frídagar eru helgidagar þjóðkirkjunnar, sbr. lög nr. 32/1997,² og aðrir lögbundnir frídagar sbr. lög 88/1971.³

² Helgidagar þjóðkirkjunnar, sbr. 2. gr. laga nr. 32/1997 um frið vegna helgihalds, eru sunnudagar, nýársdagur, skírdagur, föstudagurinn langi, páskadagur, annar dagur páska, uppstigningardagur, hvítasunnudagur, annar dagur hvítasunnna, aðfangadagur jóla frá kl. 18, jóladagur og annar dagur jóla.

³ Lögbundnir frídagar, sbr. 6. gr. laga nr. 88/1971 um 40 stunda vinnuviku, eru sumardagurinn fyrsti, 1. maí og 17. júní; enn fremur aðfangadagur jóla og gamlársdagur frá kl. 13 og fyrsti mánudagur í ágúst.

Við gerð einstaklingsbundinnar þjónustuáætlunar viðkomandi barns eða ungmennis skal taka mið af skertum skóladögum í skóladagatali viðkomandi skóla og áætlun gerð um aukna þjónustu með tilliti til þess. Í þjónustuáætlun skal einnig gera ráð fyrir sumarleyfum fjölskyldu á orlofstíma, sbr. lög nr. 30/1987, um orlof. Þegar um er að ræða miklar stuðnings- og umönnunarþarfir þarf að huga sérstaklega að orlofstímanum í einstaklingsbundnu þjónustuáætluninni til að ekki verði rof á þjónustu.

7. gr.

Gagnaöflun vegna umsóknar um frístundaþjónustu fyrir fötluð börn og ungmenni.

Í reglum sveitarfélags skal kveðið á um hvort og þá hvaða gagna er krafist með umsókn um frístundaþjónustu fyrir fötluð börn og ungmenni og skal öflun þeirra vera unnin í samvinnu við umsækjanda. Við meðferð umsóknar og ákvarðanatöku skal hafa samvinnu og samráð við umsækjanda.

8. gr.

Svör við umsókn.

Umsækjandi skal fá skriflegt svar við umsókn um frístundaþjónustu þar sem einnig kemur fram mat á stuðningsþörf sbr. 5. gr. leiðbeininga þessara.

Ákvörðun um að veita þjónustu skal taka svo fljótt sem kostur er.

Sé ekki unnt að hefja stuðning strax og umsókn er samþykkt skal tilkynna umsækjanda um ástæður þess og hvenær þjónustan verði veitt. Ef fyrirséð er að samþykkt þjónusta geti ekki hafist innan þriggja mánaða frá samþykkt umsóknar skal leiðbeina umsækjanda um önnur úrræði á biðtíma.

9. gr.

Samstarf og samhæfing.

Gert skal ráð fyrir því að þau börn og ungmenni sem njóta frístundaþjónustu skv. þessum leiðbeiningum séu með einstaklingsbundna þjónustuáætlun sem gerð er skv. 12. og 19. gr. laga nr. 38/2018. Til að tryggja samfellu í frístundaþjónustu skal leggja áherslu á samstarf félagsheilbrigðis- mennta- og frístundamála við gerð og framkvæmd þjónustuáætlunar, og eftir atvikum að þverfaglegt þjónustuteymi sé sett á laggirnar sbr. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 38/2018.

10. gr.

Gjaldtaka.

Ef reglur sveitarfélags kveða á um að notendur greiði gjald vegna frístundaþjónustu fyrir fötluð börn og ungmenni skal samhliða reglum setja gjaldskrá.

Ekki er heimilt að innheimta gjald vegna þjónustu eða aðstoðar sem veitt er vegna fötlunar.

11. gr.

Upplýsingamiðlun og eftirlit.

Í reglum sveitarfélags skulu vera ákvæði um gagnkvæma upplýsingamiðlun til að tryggja að framkvæmd sé í senn skilvirk og í þágu þeirra markmiða sem þjónustunni er ætlað að ná.

Upplýsingagjöf milli aðila getur verið útfærð með samkomulagi sveitarfélags, notanda þjónustunnar, stuðningsaðila, viðkomandi skóla og frístundaþjónustu. Með sama hætti skal kveða á um þagnarskyldu, þ.e. að stuðningsaðili undirgangist þagnarheit varðandi upplýsingar um notanda og fjölskylduhagi hans. Þagnarskyldan helst áfram eftir að þjónustu og/eða samningi lýkur.

12. gr.
Gildistaka.

Leiðbeiningar fyrir sveitarfélög varðandi framkvæmd frístundaþjónustu fyrir fötluð börn og ungmenni samkvæmt lögum nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, taka þegar gildi.

*Félagsmálaráðuneytinu,
20. desember 2019.*